# Þekkingarsetur Suðurnesja

## Ársreikningur 2025

Þekkingarsetur Suðurnesja
Garðvegi 1
245 Suðurnesjabær

Kt. 460712-0920

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað í apríl 2012 og hófst starfsemi þess sama ár en setrið starfar samkvæmt skipulagsskrá númer 623. Markmið setursins eru þríþætt; Rannsóknir og þróun, Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs, Símenntun og samstarf við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

**Rekstur ársins 2025 og framtíðarhorfur**

Rekstrartekjur setursins námu 84,7 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 11,9 millj. kr. milli ára eða um 16%. Hagnaður setursins á árinu 2025 nam 20,4 millj. kr. (2024: 10,6 millj. kr. )

Eigið fé setursins í árslok nam 32,8 millj. kr. (2024: 12,4 millj. kr.) að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 1,0 millj. kr.

Auknar rekstrartekjur og hagnaður skýrist að mestu af uppgjöri á verkefninu Interact III sem styrkt var af Evrópusambandinu. Tekjur vegna verkefnisins verða nýttar til uppbyggingar á rannsóknaaðstöðu Þekkingarsetursins á komandi árum.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 2,5 (2024: 3,1). Lækkun í ársverkum og lægri launakostnaður skýrist af fæðingarorlofi og breytingum á starfsmannahópnum.

Stjórn og forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja hafa í dag rætt ársreikning setursins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Suðurnesjabæ, 21. maí 2026.

Stjórn:



Forstöðumaður:



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Þekkingarseturs Suðurnesja. („setursins“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu setursins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstöðumanni að leggja mat á rekstrarhæfi setursins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa setrið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstöðumaður bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits setursins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstöðumanns á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi setursins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert setrið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Suðurnesjabæ, 21. maí 2026.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur árið 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Ríkissjóður samkvæmt fjárlögum | | 35.190.000 | 27.600.000 |
| Leigutekjur | | 15.856.114 | 18.054.420 |
| Aðrar tekjur | | 33.654.437 | 27.135.033 |
| | | 84.700.551 | 72.789.453 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 32.362.859 | 38.621.505 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 32.098.622 | 23.644.250 |
| Afskriftir | 8 | 758.186 | 460.130 |
| | | 65.219.667 | 62.725.885 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 19.480.884 | 10.063.568 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.151.115 | 761.899 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | | ( 255.069) | ( 165.717) |
| Vaxtagjöld | | ( 21.179) | ( 30.299) |
| | | 874.867 | 565.883 |
| **Hagnaður ársins** | 9 | 20.355.751 | 10.629.451 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 3.915.807 | 3.166.193 |
| Fastafjármunir | | 3.915.807 | 3.166.193 |
| | | | |
| Viðskiptakröfur | | 10.083.560 | 1.532.599 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður vegna viðhaldsframkvæmda | | 0 | 490.588 |
| Handbært fé, skilyrt | | 26.691.898 | 16.425.519 |
| Handbært fé | | 5.915.990 | 7.881.542 |
| Veltufjármunir | | 42.691.448 | 26.330.248 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 46.607.255 | 29.496.441 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 31.750.644 | 11.394.893 |
| Eigið fé | 9 | 32.750.644 | 12.394.893 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Fyrirframfengið framlag vegna endurnýjunar á búnaði | | 0 | 87.460 |
| Fyrirframfenginn styrkur vegna Interact verkefnis | 10 | 6.910.586 | 9.008.127 |
| Fyrirframfenginn styrkur vegna Polarin verkefnis | 10 | 1.628.329 | 1.628.329 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.448.751 | 1.293.919 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.868.945 | 5.083.713 |
| Skammtímaskuldir | | 13.856.611 | 17.101.548 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 46.607.255 | 29.496.441 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | 9 | 20.355.751 | 10.629.451 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 758.186 | 460.130 |
| Veltufé frá rekstri | | 21.113.937 | 11.089.581 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | | ( 8.550.961) | ( 526.026) |
| Skammtímaskuldir, lækkun | | ( 1.059.936) | ( 1.347.699) |
| Styrkur vegna viðhaldsframkvæmda, hækkun | | 403.128 | 280.130 |
| Fyrirframfenginn styrkur, lækkun | | ( 2.097.541) | ( 370.694) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 11.305.310) | ( 1.964.289) |
| Handbært fé frá rekstri | | 9.808.627 | 9.125.292 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 8 | ( 1.507.800) | ( 1.333.335) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.507.800) | ( 1.333.335) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 8.300.827 | 7.791.957 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 24.307.061 | 16.515.104 |
| **Handbært fé í árslok** | | 32.607.888 | 24.307.061 |

# Skýringar

**1. Félagið**

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað í apríl 2012 og hófst starfsemi þess sama ár en setrið starfar samkvæmt skipulagsskrá númer 623. Markmið setursins eru þríþætt; Rannsóknir og þróun, Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs, Símenntun og samstarf við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

**Reikningsskilaaðferðir**

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Í eigu setursins eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

Eignir þessar eru færðar í sérstaka eignaskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum setursins

**3. Innlausn tekna**

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

Rekstur setursins er fjármagnaður með framlögum frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu sem eru ákvörðuð í fjárlögum hvers árs. Setrið fær árlega greiðslur fyrir umsjón og rekstur sýninga í eigu Suðurnesjabæjar. Suðurnesjabær veitir setrinu árlega framlag til viðhalds á húsnæðinu að Garðvegi 1 sem er í eigu bæjarins. Leigutekjur eru tilkomnar vegna áframleigu rýma í húsinu til lengri og skemmri tíma. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á gildistíma leigusamninga. Aðrar tekjur eru tilkomnar vegna sérstakra verkefna sem setrið vinnur.

**4. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Vélar, áhöld og tæki ........ | 5 - 10 ár |

**5. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

**6. Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Laun | 26.290.400 | 29.556.366 |
| Stjórnarlaun | 912.479 | 1.002.288 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 4.316.096 | 4.966.297 |
| Sjúkra- og orlofssjóðir | 566.228 | 584.598 |
| Áfallið orlof breyting | ( 280.497) | 12.419 |
| Tryggingagjald | 2.010.912 | 2.267.310 |
| Bifreiðastyrkur | 43.428 | 180.621 |
| Dagpeningar | 0 | 51.606 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | ( 1.496.187) | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 32.362.859 | 38.621.505 |
| | | |
| Ársverk | 2,5 | 3,1 |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir setursins greinast þannig:

| | Vélar, áhöld og tæki |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2024 | 2.888.032 |
| Viðbót á árinu | 1.333.335 |
| Heildarverð 31.12.2024 | 4.221.367 |
| Viðbót á árinu | 1.507.800 |
| Heildarverð 31.12.2025 | 5.729.167 |
| | |
| Afskrifað samtals 1.1.2024 | 595.044 |
| Afskriftir ársins | 460.130 |
| Afskrifað samtals 31.12.2024 | 1.055.174 |
| Afskriftir ársins | 758.186 |
| Afskrifað samtals 31.12.2025 | 1.813.360 |
| | |
| Bókfært verð 31.12.2024 | 3.166.193 |
| Bókfært verð 31.12.2025 | 3.915.807 |
| | |
| Afskriftahlutföll | 10-20% |

## 9. Yfirlit eiginfjárreikninga

| | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2024 | 1.000.000 | 765.442 | 1.765.442 |
| Hagnaður ársins | | 10.629.451 | 10.629.451 |
| Eigið fé 31.12.2024 | 1.000.000 | 11.394.893 | 12.394.893 |
| Hagnaður ársins | | 20.355.751 | 20.355.751 |
| Eigið fé 31.12.2025 | 1.000.000 | 31.750.644 | 32.750.644 |

## 10. Önnur mál

Þekkingarsetur Suðurnesja hefur gert ótímabundinn leigusamning við Suðurnesjabæ vegna Garðvegar 1 og nemur leigugjald hvers árs rekstrarkostnaði hússins þ.m.t. öll lögbundin gjöld. Í samningnum er ákvæði þess efnis að Suðurnesjabær lofar að leggja Þekkingarsetri Suðurnesja til andvirði fasteignagjalda húseignarinnar ár hvert á meðan samningurinn er í gildi. Ber Þekkingarsetri Suðurnesja að nýta framlagið til þess er telst eðlilegt viðhald á húseigninni, að fenginni ráðgjöf aðila með sérþekkingu á slíku.

Skuld var á viðhaldsreikningi húsnæðis í upphafi árs og var sú upphæð tekin af framlagi ársins. Kostnaður við viðhald húsnæðis á árinu 2025 var umfram andvirði fasteignagjalda ársins og framlag ársins því tekjufært að fullu og setrið fjármagnaði það sem uppá vantaði vegna viðhalds húsnæðisins. Framlag sem ekki hefur verið fullnýtt á hverju ári er fært sem fyrirframfengið framlag í efnahagsreikningi, ef framlag er fullnýtt þá myndast krafa á Suðurnesjabæ.

| | **Viðhald húsnæðis** | **Viðhald tækja** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2025 | ( 490.588 ) | 87.460 | ( 403.128 ) |
| Framlag Suðurnesjabæjar samkvæmt samningi | 3.012.240 | 753.060 | 3.765.300 |
| Kostnaður samkvæmt viðhaldsskýrslu | ( 8.285.966 ) | ( 840.520 ) | ( 9.126.486 ) |
| Styrkur úr Uppbyggingasjóði Suðurnesja | 1.500.000 | 0 | 1.500.000 |
| Greitt af Þekkingarsetri Suðurnesja | 4.264.314 | 0 | 4.264.314 |
| Staða 31.12.2025 | 0 | 0 | 0 |

Þekkingarsetrið er aðili að INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic) sem er alþjóðlegt net rannsóknastöðva á norðlægum slóðum sem fengið hefur fjármögnun úr rammaáætlunum Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun. Þekkingarsetrið býður upp á svokallaðan Transnational Access (TA) og Remote Access (RA) sem þýðir að erlendir vísindamenn geta bæði sótt um styrk til INTERACT til að vinna að rannsóknum sínum í setrinu eða fengið starfsmenn setursins til að sinna gagnaöflun fyrir sig. Verkefninu Interact III lauk á árinu 2025. Styrkir vegna verkefnisins eru tekjufærðir að hluta vegna óvissu um mögulega kröfu um endurgreiðslu.

| | **Interact III** |
|---|---|
| Staða 1.1.2025 | 9.008.127 |
| Fengnar greiðslur vegna verkefnisins á árinu | 6.910.586 |
| Fært úr Interact III | ( 9.008.127 ) |
| Staða 31.12.2025 | 6.910.586 |

Þekkingarsetrið er aðili að POLARIN (Polar Research Infrastructure Network) sem er styrkt af Evrópusambandinu og stuðlar að öflugu og alþjóðlegu netverki rannsóknasetra á heimskautunum tveimur. Verkefnið mun standa yfir í alls fimm ár (frá mars 2024 til febrúar 2029).

| | **Polarin** |
|---|---|
| Staða 1.1.2025 | 1.628.329 |
| Staða 31.12.2025 | 1.628.329 |

Handbært fé, skilyrt samanstendur annars vegar af bankareikningi sem geymir framlög vegna viðhaldsframkvæmda og verður nýtt til slíks á næstu árum. Hins vegar er um að ræða reikninga sem geyma framlög vegna Interact og Polarin verkefna, verður framlagið nýtt til greiðslu kostnaðar vegna verkefnisins þegar hann fellur til.

# Sundurliðanir

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| **Aðrar tekjur** | | |
| Suðurnesjabær vegna sýningarhalds | 4.575.234 | 4.372.211 |
| Suðurnesjabær vegna endurbóta | 3.362.172 | 3.070.822 |
| Starfsgreinakynning grunnskóla | 1.370.961 | 1.363.572 |
| Tekjur vegna rannsóknastöðvar | 12.830.000 | 6.383.460 |
| Styrkur vegna Interact verkefnis | 9.008.127 | 9.194.516 |
| Styrkur vegna Polarin verkefnis | 0 | 181.025 |
| Styrkur úr Uppbyggingasjóði Suðurnesja | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Styrkur úr Menningarsjóði Suðurnesjabæjar | 250.000 | 200.000 |
| Styrkur úr Samfélagssjóði HS Orku | 0 | 200.000 |
| Aðgangseyrir | 721.805 | 635.427 |
| Aðrar tekjur | 36.138 | 34.000 |
| | 33.654.437 | 27.135.033 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| **Húsnæðiskostnaður:** | | |
| Rafmagn | 1.921.739 | 1.579.275 |
| Hiti | 685.067 | 611.602 |
| Fasteignagjöld | 3.765.300 | 3.350.952 |
| Tryggingar | 729.077 | 632.662 |
| Öryggisgæsla | 732.591 | 295.376 |
| Viðhald húsnæðis | 9.204.521 | 3.082.197 |
| Húsbúnaður | 570.765 | 102.089 |
| Heilbrigðiseftirlitsgjald | 93.510 | 93.510 |
| Sorphirða | 423.688 | 227.721 |
| Hreinlætisvörur | 271.284 | 440.766 |
| Ræsting | 2.621.562 | 4.253.556 |
| | 21.019.104 | 14.669.706 |
| **Rekstur áhalda og tækja:** | | |
| Viðhald og kaup áhalda og tækja | 2.748.970 | 579.114 |
| Rekstur tölvukerfis | 214.320 | 282.244 |
| | 2.963.290 | 861.358 |
| **Stjórnun og umsýsla:** | | |
| Sími | 536.228 | 535.849 |
| Pappír, prentun og ritföng | 66.784 | 80.087 |
| Vátryggingar | 139.343 | 114.823 |
| Aðkeypt þjónusta og akstur | 221.041 | 293.290 |
| Bókhaldsaðstoð | 899.000 | 792.360 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 1.293.568 | 1.127.873 |
| Kostnaður vegna kreditkorta | 102.765 | 74.341 |
| Bankakostnaður og seðilgjöld | 45.663 | 75.260 |
| Auglýsingar | 354.435 | 361.806 |
| Styrkir og gjafir | 40.758 | 9.278 |
| Reykjanes jarðvangur ses | 0 | 351.085 |
| Móttöku- og fundakostnaður | 87.966 | 143.974 |
| Ársfundur SÞS | 122.451 | 218.349 |
| Námskeið | 97.300 | 0 |
| Annar kostnaður | 24.936 | 25.338 |
| | 4.032.238 | 4.203.713 |
| **Starfsmannakostnaður:** | | |
| Kaffi og matarkostnaður | 30.168 | 36.080 |
| Starfsmannakostnaður | 234.250 | 292.158 |
| Tryggingar starfsfólks | 61.635 | 58.661 |
| Vinnufatnaður | 0 | 160.348 |
| | 326.053 | 547.247 |

# Sundurliðanir

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| **Sérverkefni:** | | |
| Kostnaður við uppbyggingarsjóðsverkefni ...................................................... | 0 | 1.609.819 |
| Kostnaður við INTERACT verkefni .................................................................. | 25.516 | 1.368.172 |
| Kostnaður við HS Orku verkefni ..................................................................... | 3.599.344 | 0 |
| Kostnaður við Polarin verkefni ........................................................................ | 0 | 181.025 |
| Kostnaður vegna verkefnis styrkt úr Samfélagssjóði HS Orku ........................ | 0 | 106.780 |
| Kostnaður vegna starfsgreinakynningar .......................................................... | 108.410 | 96.430 |
| Kostnaður vegna vísindaferða og námsferða ................................................. | 24.667 | 0 |
| | 3.757.937 | 3.362.226 |
| | 32.098.622 | 23.644.250 |